



Akureyrarbær

Upphafsávarp Vorkomu árið 2023

Komið þið sæl.

Að sjá litríka krókusana kíkja upp úr moldinni og anda að sér lyktinni af vorinu færir okkur hlýju og tilhlökkun fyrir tíðinni framundan. Það léttist lundinn og við setjum okkur í stellingar fyrir vorverkin, þar sem af nægu er að taka eftir langan vetur.

Það er hátíðleg dagskrá framundan á Vorkomu Akureyrarbæjar, þar sem tilkynnt verður hverjir hljóta jafnréttisviðurkenningar Akureyrarbæjar, heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs og í fyrsta skipti verður tilkynnt á Vorkomunni hver hlýtur sumarstyrk ungra listamanna.

Síðast en ekki síst verður tilkynnt hver verður bæjarlistamaður Akureyrarbæjar 2023-2024.

Sumarið er komið.
Sonur minn, við skulum ganga
tveir út í hagann og safna
okkur sóleyjum í vendi
glaðir tína í lófann
nokkur gullin blóm.
Svo berum við þau heim
eins og bjart sólskin í hendi.

Svo mælti Hannes Pétursson í ljóði sínu Hamingja og með þeim orðum vil ég óska ykkur kæru Akureyringar gleðilegs sumars.

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri